


VAXTARSTODVUN HJÁ BLEIKJU  
AFANGASKÝRSLA II

Jón Órn Pálsson  
Verkefnisstjóri  
Borgarnes, janúar 1992. VMST-V/92002



Veiðimálastofnun Vesturlandsdeild  
Fiskirækt og fiskeldi ■ Rannsóknir og ráðgjöf

Bjarnarbraut 8  
310 Borgarnes  
S: 93-71197/71097  
Fax: 93-71048

VEIDIMÁLASTOFNUN  
*Bókasafn*

## 1. INNGANGUR

Hér er gerð grein fyrir framvindu og fyrstu niðurstöðum í tilraunaverkefninu "Vaxtarstöðvun hjá bleikju", sem Framleiðnisjóður Landbúnaðarins hefur styrkt fjárhagslega tvö undanfarin ár. Tilraumarverkefnið hefur gengið samkvæmt upphaflegri tilraunaráætlun frá apríl 1990, ef frá er talin minniháttar breyting á framkvæmd verkefnisins eins og fram kemur í Afangaskýrslu I frá janúar 1991. Áætlað er að verkefninu ljúki í árslok 1992.

## 2. ADDRAGANDI OG FORSENDUR VERKEFNIS

Við náttúrulegar aðstæður er velþekkt að fiskar vaxa mismunandi vel eftir árstíma og eru súkar sveiflur jafnan settar í samhengi við árstímasveiflur i hitastigi og fæðuframboði, auk þess sem kynþroski hefur gjarnan veruleg áhrif á vaxtarskeið fisksins. Bleikja, sem er norðlægur fiskur, sem lifir í umhverfi þar sem mikillar árstíðarsveiflu gætir milli veturs og sumar og er vaxtarskeið fisksins jafnan aðeins fáir mánuðir yfir sumartímann.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að bleikja alin við stöðugt hitastig, ljós og fæðuframboð yfir lengri tíma, hefur afar sveiflukenndan vöxt (Jobling, 1987 og Jón Órn Pálsson, 1992). Sýnt hefur verið fram á að urriði (*Salmo trutta*) getur hagað sér á svipaðan hátt (Brown 1946 og Swift 1955 & 1961). Aðstæður þessa mismunar á vaxtarhraða hafa lítið verið rannsakaðar, en vaxtarstöðvun virðist koma fram eftir tíma-bundið lystarleysi hjá fiskinum (Pálsson, et al., 1992).

Jobling (1987) taldi vaxtarsveiflur vera arfbundnar og reglulegar, þannig að 6 mánuðir liðu á milli vaxtartoppa. Brown (1946) taldi að hjá urriða væri samsvarandi timabil 12 mánuðir og vaxtarstöðvun kæmi fram á haustin. Swift (1955 & 1961) fann að urriði, sem var haldið við náttúrulega ljóslotu og hitastig, hafði vaxtartopp að vori og hausti en litinn vöxt á miðju sumri. Hérlendis hafa margir orðið varir við þessa eiginleika bleikjunnar. Vaxtarstöðvun hefur jafnan valdið því að fiskurinn nær ekki áætlaðri sláturstærð. Til að

mynda hefur 1+ bleikja hjá fiskeldisstöðinni Smára h/f reglulega hætt að vaxa í 3-4 mánuði á haustin og í kjölfar vaxtarstöðvunnar hefur fóðurtakan minnkað og súrefnisinnihald vatnsins aukist (Vilhjálmur Garðarsson, munnl.uppl.).

Margt bendir til þess að slikar vaxtarsveiflur séu að einhverju leyti arfbundnar í bleikjunni en að ytri aðstæður hafi einnig áhrif á vaxtarferilinn. Meðal hugsanlegra stjórnpáttta er ljóslofa, sem hefur áhrif á atferli og fjölmarga líffræðilega eiginleika fiska (Gross et al. 1965, Eriksson og Lundquist 1982) og hitastig sem hefur hvað mest áhrif á efnaskiptahraða og vöxt.

Upplýsingar um vaxtarstöðvun hjá bleikju eru afar óljósar í heimildum, bæði hvað varðar tíðni og ástæður. Nánari skilningur á eðli vaxtarstöðvunnar getur því haft mikla þýðingu fyrir framgang og framkvæmd bleikjueldis í framtíðinni. Meginmarkmið með tilraunarverkefninu "Vaxtarstöðvun hjá bleikju" er að kanna hvort vaxtarstöðvun sé árstímabundin og hvaða umhverfispáttir (ljós og hitastig) hafi þar áhrif. Auk þess er lögð áhersla að kanna samspil kynþroska og vaxtarstöðvunar, og hvort slikar sveiflur séu mismunandi milli bleikjustofna.

### 3. SKIPULAG VERKEFNIS

Verkefnið er samvinnuverkefni Veiðimálastofnunar (Vesturlandsdeildar), Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarfélags Íslands og Fiskræktaстöðvar Vesturlands. Yfirumsjón með verkefninu er í höndum verkefnisstjórnar, sem í sitja Sigurður Már Einarsson, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Bjarni Arason, auk Jóns Arnar Pálssonar sem jafnframt er verkefnisstjóri og sérfræðingur verkefnisins. Framleiðnisjóður Landbúnaðarins hefur styrkt verkefnið fjárhagslega og þegar hefur sjóðurinn veitt kr 2.000.000 -. Verkefnið hefur að öðru leyti verið fjármagnað af Búnaðarsamtökum Vesturlands og Vesturlandsdeildar Veiðimálastofnunar.

#### 4. FRAMVINDA VERKEFNIS

Tilraunarverkefninu er skipt í two áfanga, sem báðir hófust í ársbyrjun 1990. Óðrum áfanganum er lokið og er ráðgert að hinum áfangum ljúki í lok pessa árs eins og áður greinir.

Tilraunin fer fram á Fiskræktarstöð Vesturlands að Laxeyri í Borgarfirði. Þar hefur verið byggður 60 m<sup>2</sup> tilraunasalur innan veggja stöðvarinnar, sem hefur verið innréttadur eftir þörfum verkefnisins. Starfsmenn Fiskræktarstöðvarinnar hafa umsjón með daglegri umhirðu tilraunafisks. Framkvæmd verkefnis hefur gengið samkvæmt áætlun, sem m.a. má þakka góðu samstarf við starfsmenn fiskræktarstöðvarinnar.

Tilraunarverkefninu er skipt upp í two megin áfanga:

- tilraun 1 : áhrif af kynþroska á vaxtarstöðvun í matfiskeldi.

Þessum tilraunaráfanga lauk í september 1991 og eru meginniðurstöður birtar í þessari skýrslu.

- tilraun 2 : áhrif af árstímasveiflu í ljóslotu og hitastigi á vaxtarstöðvun á seiðaeldi og matfiskeldi.

Þessum tilraunaráfanga er ráðgert að ljúka í nóvember 1992. Fyrstu niðurstöður liggja nú fyrir og eru að hluta birtar hér.

Fyrirhugað er að hefja vaxtar- og kynhormónamælinga á bleikjunni í tilraun 2, og munu mælingarnar væntanlega hefjast í febrúar 1992. Mælingar verða gerðar í samstarfi við Sigurð St. Helgason við Liffraðistofnun Háskóla Íslands. Sótt verður um rannsóknarstyrk til hormónamælinga til Rannsóknarráðs ríkisins.

## 5. UPPSETNING OG FRAMKVÆMD TILRAUNA

### 5.1. ADFERDIR, TILRAUN 1

Markmið tilraunar er að kanna hvort vaxtarsveiflur hjá ókynþroska og kynþroska, við náttúrulega ljóslotu og stöðugt hitastig. Tilraunin er að hluta til undirbúningstilraun fyrir tilraun 2, þar sem niðurstöður úr tilraun 1 hefur áhrif á framkvæmd tilraunar 2.

0-tilgáta: Vaxtarstöðvun er óháð kynþroska.

#### 5.1.1. Tilraunafiskur.

I tilraunina er notuð 1. kynslóð í eldi af 1+ Hitarárbleikju. Bleikjan var klakin í mars 1989 og var alin á stöðugu hitastigi ( $10^{\circ}\text{C}$ ) fram í nóvember 1989 og síðan í köldu vatni ( $4^{\circ}\text{C}$ ) fram í mars 1990 þegar tilraunin hefst. Frá frumfóðrun fram að upphafi tilraunar, var bleikjan alin við stöðugt ljós (24 timar). Bleikjan var ekki stærðarflokkuð á tímabilinu. Stærðardreifing bleikjunnar fyrir úrtak í tilraun var á bilinu 20-100 gr.

#### 5.1.2. Uppsetning og mælingar.

Þann 23. mars 1990 voru valdir 720 fiskar (40-65 gr), þar af voru 330 einstaklingsmerktir (Fine-fabrice plus). Fiskunum var skipt niður í 3 ker, og í hvert ker voru settir 110 merktir fiskar og 130 ómerktir fiskar. Notuð voru grá köntuð trefjaplastker ( $1.4 \times 1.4 \times 0.5$  m). Kerin eru staðsett undir glugga í framleiðslusal stöðvarinnar, þar sem enginn umgangur er í stöðinni. Bleikjan er fóðruð með Ewos þurffóðri og dagleg fóðrun er miðuð við fóðurstuðul 1.5. Reglulega er fylgst með hitastigi, sem er stöðugt  $10 \pm 1.5^{\circ}\text{C}$  (mynd 1). Vatnsrúmmál í kerjunum var í upphafi 500 lítrar, en var aukið í 750 lítra í september. Vatnsrennslí i ker var miðað við 1.0 lítra/min. Leitast er við að hafa péttleika í kerjum stöðugan allt tilraunatímabilið. I upphafi tilraunar er péttleikinn 20 kg/m<sup>2</sup> en er síðar stöðugur 60-80 kg/m<sup>2</sup> (mynd 2).

Merktur fiskur var lengdar og þyngdarmældur reglulega á 6-8 vikna fresti, auk þess sem ytri kynþroskaeinkenni voru skráð.

Allmikil stærðardeifing var í kerjunum er líða tók á haustið og var nokkur hluti bleikjunnar sem ekki óx. Í nóvember 1990 var öll bleikja, sem ekki hafði vaxið fram að þeim tíma, flokkuð úr kerjunum.

Tilraunartímabilinu er skipt upp í tvö kynþroskaskeið. Fyrra timabilið var frá apríl 1990 - febrúra 1991 og seinna timabilið frá mars fram í september 1991. Sökum merkjataps á fyrra timabilið voru 70 fiskar í hverju eldiskeri endurmerktir í upphafi seinna vaxtaskeiðsins.

#### 5.1.3. Tölfræðiúrvinnsla.

Þegar bera á saman vöxt fiska yfir lengra timabil er nauðsynlegt að taka tillit til þess að vöxturinn er ekki óháður stærð (þyngd) fisksins, heldur dregur úr vextarhraða með aukinni þyngd. Sambandi vaxtar og stærðar hjá fiskum, við stöðugar umhverfisaðstæður, er jafnan lýst með jöfnunni (Elliott, 1975 og Brett, 1979):

$$V = a * p^b$$

Þar sem  $V$  er vextarhraði (prósent/dag),  $p$  er þyngd fisksins (einnig má nota lengd) og  $a, b$  eru fastar. Fastinn  $b$  er að öllu jöfnu lægri en 1 (þ.e dregur úr vextinum eftir því sem fiskurinn stækkar). Linulegt samhengi fæst með því að umbreyta jöfnunni logaritmískt:

$$\ln(V) = a' + b * \ln(p)$$

Fastana  $a$  og  $b$  eru má reikna úr fyrir einstaka hópa eða timabil, allt eftir því hvaða samanburður er gerður. Þegar fastarnir eru þekktir er mögulegt að reikna áætlaðan vöxt fyrir hvern einstakan fisk, þegar þyngdin er þekkt. Þannig er mögulegt að einangra áhrif þyngdar á vextarhraðann og reikna stærðarstilltan vöxt: þ.e.

Raunverulegur vöxtur - áætlaður vöxtur

Höldastuðull ( $K$ ) er reiknaður eftir jöfnunni:

$$K = p / L^a$$

$p$  = þyngd (g) &  $L$  = lengd (cm)

Holdastuðull er notaður sem mælikvarði likamlegt ástand fisksins yfir lengra tímabil.

## 5.2. ADFERDIR, TILRAUN 2

Markmið þessa tilraunaráfanga var að kanna áhrif af náttúrulegu og stöðugu ljósi á vaxtarsveiflu hjá bleikju, við mismunandi hitastig. Leitast er við að svara hvort vaxtarstöðvun sé árstímabundin og hvaða umhverfispættir hafi þar áhrif.

0-tilgáta: Vaxtarstöðvun er óháð ytra umhverfi.

### 5.2.1 Tilraunafiskur

Notaðir eru tveir sjóbleikjustofnar frá Hitará í Borgarfirði og Viðidalssá í Húnavatnssýslu, sem klaktir eru á Laxeyri. Hitarárbleikjan er 2. kynslóð í eldi, en Viðidalsárbleikjan er 1. kynslóð í eldi. Eftir frumfóðrun (júni 1990) var hvorum stofni skipt upp í two hápa, þar sem annar hópurinn var hafður á náttúrulegri ljóslotu og hinn hópurinn er hafður á stöðugri ljóslotu (16 ljós: 8 myrkur). Allir hóparnir voru hafðir á stöðugum vatnshita ( $10 - 12^{\circ}\text{C}$ ) frá júni til janúar 1991, þegar einstaklingsmerking fór fram og tilraun hefst. Fylgst var reglulega með vexti seiðanna (100 seiði mæld á 6-8 vikna millibili). I janúar höfðu seiðin náð stærð fyrir merkingu og tilraunin hefst.

### 5.2.2. Uppsetning

Úr hverjum stofni voru valin 800 seiði (16-18 cm) og þar af voru 400 einstaklingsmerkt með spaghettimerkjum (Fine-Fabric plus). Fiskinum var skipt upp í 4 hápa með endurtekningu á hvern hóp (Tafla 1). I hvert eldisker voru settir 100 merktir og 100 ómerktir af hvorum stofni, alls 400 fiskar. Eldiskerin eru köntuð og  $1.6 \text{ m}^2$  að rúmmáli ( $2 \times 2 \times 0.5 \text{ m}$ ).

Tafla 1. Tilraun 2 er skipt í 4 eldishópa, með endurtekningu á hverjum hóp. Alls eru 1600 seiði einstaklingsmerkt.

Vatn	Ljós	Stöðug ljóslotu	Náttúrulegt ljós
Vatnshiti ( $10^{\circ}\text{C}$ )	$2 \times 100$	$2 \times 100$	$2 \times 100$ $2 \times 100$
"Nátturul." hiti	$2 \times 100$	$2 \times 100$	$2 \times 100$ $2 \times 100$

Tilraunosalurinn er hálfaður í tvö hólf og er annað hólf ið ljóspétt þar sem fiskurinn er hafður á stöðugri ljóslotu (16 L:8 M), notaðar eru 60 kerta hvitar ljósaperur yfir kerjunum. Í hinu hólfinu er gluggar með dempaða dagsbirtu. Tvö ker í hvoru hólfi eru höfð á stöðugum vatnshita  $10 \pm 0.5^{\circ}\text{C}$ , og tvö ker á tilbúnum "náttúrulegum" vatnshita, sem hér segir:

Vetur:	16. október - 15. maí :	$4^{\circ}\text{C}$
	16. maí - 15. júní :	$4^{\circ}\text{C} \rightarrow 12^{\circ}\text{C}$
Sumar:	16. júní - 15. sept. :	$12^{\circ}\text{C}$
	16. sept. - 15. okt. :	$12^{\circ}\text{C} \rightarrow 4^{\circ}\text{C}$

Daglega er fylgst með hitastigi og fóðrun. Notaðir eru skifufóðrarar (Aqua produkt) sem fylltir eru daglega.

Allur mérktur fiskur er viktaður og lengdarmældur með 6 vikna millibili, auk þess sem fylgst verður með kynþroska í hópunum.

I september 1991 voru allflestir ómérktir kynþroska fiskar flokkaðir úr kerjunum til að minnka þéttleika í kerjum. I desember voru flestir mérktir fiskar sem voru kynþroska flokkaðir úr kerjunum.

## 6. NIDURSTÖDUR

### 6.1. TILRAUN 1.

Eins og áður greinir voru 110 fiskar merktir í hverju keri í apríl 1990. Í september 1991 voru aðeins 28 fiskar með upphafleg merki í keri 1 og 2, og 30 fiskar með merki í keri 3. Þetta merkjatap kom aðallega fram á haustmánuðum 1990 þegar stór hluti fisksins varð kynþroska og má sennilega skýra með því að árásarhneigð bleikju eykst mjög mikið í kynþroskafasanum, enda bendir ummerki á merkjum og fiski til þess að merkin hafi verið bitin úr fiskinum.

Þó merkjatap hafi verið mikið þá eru niðurstöður vel marktækar, þar sem ekki kom fram marktækur munur á þyngd merktrar og ómertrar bleikju í lok tilraunar (mynd 3). Það bendir til þess að merkin hafi ekki haft áhrif á vöxt bleikjunnar.

#### 6.1.1. KYNJAHLUTFALL OG KYNÞROSKI

Við undirbúning tilraunar (23. mars 1991) voru valdir fiskar á bilinu 40-60 g úr bleikjuhópi, sem hafði stærðardreifingu á bilinu 20-100 g. Með tilliti til áframhaldandi birtingar á niðurstöðum er mikilvægt að athuga hvort kynjahlutfall í tilraunahópunum sé rétt.

Niðurstöðurnar sýna að kynjahlutföllin eru ekki skökk, nema í keri 1 en þar er hlutfall hænga:hrygnu er 3:2. Þegar merktur fiskur er skoðaður í heildina eru 180 hængar á móti 154 hrygnum, eða 6 hængar á móti 5 hrygnum (tafla 2). Einnig kemur fram að nokkur snemmkynþroski hjá 1+ bleikju haustið 1990. Kynþroskahlutfallið er að meðaltali 31.8 % og hlutfall hænga í snemmkynþroska er mun minna en hrygna, eða um 37 % að meðaltali (tafla 2).

Haustið 1991 er einnig kynþroski metinn, en þá hefur öll smábléikja verið flokkuð úr kerjunum, sem skekkir samanburð á kynþroskahlutfalli milli ára. Kynþroskahlutfallið í september 1991 var 61.5 % og var hlutfall hrygna í kynþroska heldur meira en hænga (tafla 3).

#### 6.1.2. AHRIF KYNPROSKA Á VOXT

Snæmmkynproski var fyrst greindur í nóvember eftir ytra útliti, en það var ekki fyrr enn í febrúar sem flestar hrygnur og hængar sem urðu kynproska voru komin á kynproska-stig 5-6 (rennandi kynproska). Verulegur stærðarmunur er á ókynproska og kynproska bleikju í febrúar 1991 (tafla 4) og er munurinn marktækur bæði hjá hængum og hrygnum ( $p < 0,01$ , Kruskal Wallis U-test). Hinsvegar hafði þessi munur snúist við hjá 2+ bleikju í september 1991 (tafla 4), en þá var kynproska fiskur stærri en ókynproska. Munurinn var hinsvegar aðeins marktækur hjá hængunum. Þessar niðurstöður fyrir 2+ bleikjuna fást staðfestar þegar allir fiskar í kerjunum eru skoðaðir (mynd 4). Kynproska hængar eru stærri en ókynproska, en munurinn er ekki marktækur ( $p = 284$ ), hinsvegar er marktækur munur á milli kynproska og ókynproska hrygna ( $p < 0,05$ ). Einnig sýna niðurstöðurnar að hængar eru mun stærri en hrygnur og er sá munur vel marktækur ( $p < 0,001$ ).

#### 6.1.3. VAXTARSVEIFLUR

Tilraunatímabilið var 72 vikur, frá 20. apríl 1990 til 11. september 1991. Fiskurinn var alinn yfir tvö vaxtar- og kynproskaskeið við náttúrulega ljóslotu (mynd 1). Vaxtar-niðurstöður liggja fyrir 88 fiska sem voru mældir 11 sinnum á tímabilinu. Af þessum fiskum voru aðeins 23 fiskar (22 hængar og 1 hrygna) ókynproska bæði haustið 1990 (1+ fiskur) og haustið 1991 (2+ fiskur) (tafla 4).

Þegar vöxtur á ókynproska og kynproska fiski er skoðaður á fyrra vaxtarskeiðinu, kemur fram veruleg vaxtarsveifla bæði hjá kynproska og ókynproska fiski (mynd 5). Ókynproska fiskur hefur mikla vaxtaruppsveiflan á fyrra vaxtarskeiðinu en á seinna vaxtarskeiðinu er hinsvegar ekki vart við neina uppsveiflu (mynd 6). Það kemur einnig fram þegar holdstuðull hjá ókynproska fiski er skoðaður, þá verður marktækt fall ( $p < 0,01$ ) í holdstuðli frá apríl 1991 (dag 370) til september 1991 (dag 506) (mynd 7). Ekki fannst marktækt samband milli vaxtarhraða og ljóslotu tilraunartímabilinu (mynd 6).

## 6.2. TILRAUN 2

Fyrstu niðurstöður eru vaxtarmælingum frá júní 1990 til september 1991. A tímabilinu júní 1990 til janúar 1991 er tekin hópmæling (100 stk), en síðan er aðeins merktur fiskur mældur. Vöxtur er ekki reiknaður á einstaklingsgrundvelli.

### 6.2.1 VAXTARSVEIFLUR

Fundist hefur marktækt samband milli vaxtarhraða og fjölða ljóstíma á dag ( $P<0.05$ ) hjá bleikju sem er alin við náttúrulegla ljóslotu og stöðugt hitastig (mynd 7 a). Einnig er fundin vaxtarsveifla hjá bleikju sem alin er við stöðuga ljóslotu (mynd 7 b), en ennpá er ekki mögulegt að reikna bylgjulengdina í slikum sveiflum, því seinna vaxtarskeiðið er ekki hafið.

Það kemur einnig fram að fiskur sem er hafður á náttúrulegri ljóslotu hefur mun afmarkaðri sveiflu og á tímabilinu febrúar til maí er 90% vaxtarhraðaaukning, en á sama tímabili er vaxtarhraðaaukning hjá bleikju á stöðugri ljóslotu aðeins 45%

## 7. UMRÆDUR

Ekki er timabært að draga sterkar ályktanir af niðurstöðunum að svo komnu máli, þar sem tilrauninni er ekki lokið og endanleg úrvinnsla úr niðurstöðum í tilraun 1 er ólokið, auk þess er nauðsynlegt að fá niðurstöður úr tilraun 1 staðfestar í tilraun 2.

Niðurstöður frá tilraun 2 benda til þess að vaxtarstopp sé að verulegu leyti arfbundið hjá bleikju og að ljóslota hafi þar áhrif sem líffræðileg klukka, þannig að vaxtarsveiflur bleikjunnar verða mun afmarkaðri (mynd 7). Þessar fyrstu niðurstöður eru í samræmi við fyrri rannsókn (Jobling, 1987), sem bendir til þess að vaxtarsveiflur séu arfbundnar hjá bleikju. En hér er ekki um 6 mánaða sveiflu að ræða eins og Jobling (1987) taldi vera, heldur nálægt 12 mánaða sveifla, eins og áður hefur verið fundin hjá urriða (Brown, 1946).

Niðurstöðurnar frá fyrra vaxtarskeiði í tilraun 1 og tilraun 2 sýna að vaxtarsveiflur eru óháðar því hvort bleikja verður kynproska á komandi hausti. Niðurstöðurnar frá seinni vaxtarskeiðinu í tilraun 1 hafa ekki einhlíta skýringu, og valda því að ekki er fundið marktækt samband milli vaxtarhraða og ljóslotu (mynd 6). Nærtækasta skýringin er sú að hlutfall kynproska bleikju er orðið svo hátt (yfir 60%) að það hefur veruleg áhrif á vöxt ókynproska bleikju, þ.e hegðunarmynstur bleikjunnar breytist við kynproska (Fabricius, 1953). Til að komast fram hjá áhrifum kynproska bleikju á vöxt ókynproska, er megnið af 1+ kynproska bleikju flokkuð úr kerjum í tilraun 2 og þannig fæst samanburður milli tilraunanna.

Mælingar frá tilraun 1 sýna að kynprosksi hefur veruleg áhrif á vöxt bleikjunnar, og er ókynproska 1+ bleikja marktækt stærri en kynproska 1+ bleikja (tafla 4), en við 2 + kynproska er kynproska bleikja stærri en ókynproska. Rannsóknir á laxfiskum hafa synt að það má vænta þess fiskur sem hefur mestan vaxtarhraða á seiðastigi verði fyrst kynproska (Alm, 1959; og Dally et al., 1983). Slikt samband er ekki fundið í tilraun 1 (mæling apríl 1990, tafla 4). Hinsvegar er ókyn-

þroska fiskur þyngri sökum þess að ókynþroska fiskur hefur meiri vaxtarhraða en kynþroska fiskur þegar nær dregur kynþroskanum (mynd 5). Þessi niðurstaða er ekki í samræmi við fyrri rannsóknir um áhrif kynþroska á vöxt; 1) Nilsson (1990) fann að kynþroska bleikja var stærri ókynþroska bæði við 1+ og 2+ kynþroska og 2) Jobling og Baardvik (1991) fundu ekki mismun á þyngd við 1+ kynþroska, en við 2+ kynþroska var ókynþroska bleikja marktækt stærri en kynþroska.

Þrátt fyrir mismun í þyngd hjá kynþroska og ókynþroska fiski í tilraun 1, er 0-tilgátunni ekki hafnað, því vaxtarsveiflur kynþroska og ókynþroska bleikju eru ekki mismunandi (mynd 5). Hinsvegar hefur ekki enn verið svarað hvort vöxtur ókynþroska bleikju í tilraun 1, hafi verið óbreyttur ef ekki hefði verið kynþroska fiskur til staðar í kerjunum. Þessari spurningu verðu leitast við að svara í tilraun 2.

### HEIMILDASKRA

Alm, G., 1959. Connection between maturity, size and age in fish. Rep. Inst. Freshwater Res. Dronningholm, 40: 5-145

Brown, M. E., 1946. The growth of brown trout (Salmo trutta L.). II. The growth of two-year-old trout at a constant temperature of 11.5 °C. J. Exp. Biol., 22: 130-144

Dalley, E.L., Andrews, C.W. & Green, J.M., 1983. Precocious male atlantic salmon parr (Salmo salar) in insular Newfoundland. Can. J. Fish. Aquat. Sci., 40: 647-652

Elliott, J.M., 1975. The growth rate of brown trout, Salmo trutta L., fed on maximum rations. J. anim. Ecol., 44: 805-821

Eriksson, L. O. & Lundqvist, H., 1982. Circannual rhythms and photoperiod regulation of growth and smolting in baltic salmon (Salmo salar L.). Aquaculture, 28: 113-121

Fabricius, E., 1953. Aquarium observations on the spawning behaviour of arctic charr. Rep. Inst. Freswater Res. Dronningholm, 34: 14-48


Gross, W. L., Roelofs, E. W. & Fromm, P. O., 1965. Influence of photoperiod on growth of green sunfish (Lepomis cyanellus). J. Fish. Res. Bd. Canada, 22(6): 1379-1386

Jobling, M., 1987. Growth of arctic charr (Salvelinus alpinus L.) under conditions of constant light and temperature. Aquaculture, 60: 243-249


Pálsson, J. O., Jobling, M. & Jørgensen, E.H. 1992. Temporal changes in daily food intake of arctic charr, (Salvelinus alpinus), of different sizes monitored by radiography. Aquaculture, in press

Swift, D. R., 1955. Seasonal variations in the growth rate, thyroid gland activity and food reserves of brown trout (Salmo trutta L.). J. Exp. Biol., 32: 751-764


Swift, D. R., 1961. The annual growth-rate cycle in brown trout (Salmo trutta L.) and its cause. J. Exp. Biol., 32: 595-604



Mynd 1. Vatnshitastig og ljóslota yfir 72. vikna tilrauna timabil í tilraun 1.



Mynd 2. Lifmassapéttleiki í tilraun 1. Gert er ráð fyrir að þyngd á merktri bleikju og ómerktri sé sú sama.



Mund 3. Þyngdardreifing bleikju í lok tilraunar 1 (september 1991). Dökkar súlur: einstaklings merkt bleikja ljósar súlur; ómerkt bleikja í kerjum.

Tafla 2. Tilraun 1. Kynjahlutföll og kynþroskagreining hjá 1+ bleikju í febrúar 1991, bæði merkt og ómerkt bleikja.


	KER I			KER II			KER III		
	Hæ	Hr	ókyngr.	Hæ	Hr	ókyngr.	Hæ	Hr	ókyngr.
OKYNÞROSKA -smábleikja	5	4	52	8	9	30	10	12	21
-stórbbleikja	41	12	-	27	12	-	35	18	-
KYNÞROSKA	20	26	-	18	39	-	13	22	-
KYNJAHLUTFALL	Hæ/Hr : 61/39			Hæ/Hr : 47/53			Hæ/Hr : 53/47		
PROSENT KYNÞROSKI	28.8 %			39.9 %			26.7 %		
PROSENT HÆNGA AF KYNÞROSKA	43.5 %			31.6 %			37.1 %		

Tafla 3: Tilraun 1. Kyn og kynþroskagreining hjá 2+ bleikju í september 1991, bæði merkt og ómerkt bleikja.


	HÆNGAR		HRYGNUR	
	OKYNÞROSKA	KYNÞROSKA	OKYNÞROSKA	KYNÞROSKA
KER I	31	30	1	37
KER II	23	22	25	26
KER III	22	26	7	33
SAMTALS	76	78	33	96
KYNÞROSKI : 61.5 %				
HLUTFALL HÆNGA AF KYNÞROSKA : 44.8 %				

Tafla 4. Tilraun 1. Fjöldi, þyngd og holdstúðull hja einstaklingsmerktri bleikju eftir kyni og kynproska. Bleikjan var 1+ kynproska í febrúar 1991 og 2+ kynproska í september 1991.

		HRENGAR		HRYGNUR	
		ÓKYNPROSKA 1+	KYNPROSKA 1+	ÓKYNPROSKA 1+	KYNPROSKA 1+
20. apr. 1990	fjöldi þyngd (g) (s.e) holdstúðull (s.e)	35 53.3 (1.9) 0.83 (0.01)	23 53.4 (2.1) 0.85 (0.01)	8 48.8 (1.3) 0.87 (0.02)	22 50.7 (2.2) 0.83 (0.01)
5. feb. 1991	fjöldi þyngd (g) (s.e) holdstúðull (s.e)	35 564.5 (37.3) 1.26 (0.03)	23 365.1 (33.8) 1.14 (0.02)	8 465.9 (42.4) 1.29 (0.05)	22 332.7 (22.9) 1.14 (0.02)
		ÓKYNPR. 2+	KYNPR. 2+	ÓKYNPR. 2+	KYNPR. 2+
11.sept. 1991	fjöldi þyngd (g) (s.e) holdstúðull (s.e)	22 623.7 (55.2) 1.05 (0.03)	13 1006.7 (120.7) 1.22 (0.04)	7 352.8 (50.9) 0.95 (0.03)	1 379.0 (45.5) 1.00 (0.02)
				710 0.831	741.1 (118.7) 1.14 (0.10)
					6 349.2 (62.8) 0.97 (0.04)
					16 416.0 (42.3) 1.00 (0.04)




Mynd 4. Tilraun 1. Þyngd og fjöldi 2+ bleikju eftir kyni og kynþroska í september 1991. Bæði merkt og ómerkt bleikja.



Mund 5. Tílraun 1. Vaxtarhraði (% þyngdaraukning/dag) á fyrra vaxtarskeiði á tilraunartímabilinu, frá apríl 1990 til febrúar 1991.


Opinn hryngur; 1+ ókynþroska 1+ (hængar & hrygnur)

Opinn ferhyrningur: 1+ kynþroska (hængar & hrygnur)




Mynd 6. a) Ljóslofa og hitastig á tilraunartímabilinu

b) Stærðarstilltur vaxtarhraði (% vaxtarhraða frávik frá áætluðum vaxtarhraða) hjá bleikju sem var ókynproska bæði sem 1+ og 2+ bleikja.



Mynd 7. Tilraun 1. Holdstuðull ókynþroska bleikju á tilraunartímabilinu apríl 1990 - sept 1991.



Mynd 8. Tilraun 2. Stærðarstilltur vaxtarhraði (% frávik frá áætluðum vaxtarhraða) við stöðugt vatnshitastig 10°C.  
 a) vaxtarsveifla hjá Hítatár- og Viðidalssárbleikju við náttúrulega ljóslotu.  
 b) vaxtarsveifla hjá Hitarár- og Viðidalssárbleikju við stöðuga ljóslotu (16 tímari ljós: 8 tímari myrkur)